

Grunnskólinn á Hólmavík
2010 - 2011

Bekkjarnámskrá

10. bekkur



Umsjónarkennari: Lára Guðrún Agnarsdóttir

1. Bekkurinn

Nafnalisti

Andrea Messíana Heimisdóttir
Benedikt Almar Bjarkason
Darri Hrannar Björnsson
Gunnhildur Thelma Rósmundsdóttir
Silja Dagrún Júlíusdóttir

Arnór Jónsson
Dagrún Kristinsdóttir
Emil Sigurbjörnsson
Jakob Ingi Sverrisson

Kennaralisti og námsgreinar

Arnar Jónsson	tónmennt, lífsleikni, tjáning, upplýsingatækni
Ásta Þórisdóttir	listir - val
Hildur Guðjónsdóttir	enska
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir	íslenska
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir	þýska -val
Jóhanna Ása Einarsdóttir	stærðfræði og náttúrufræði
Lára Guðrún Agnarsdóttir	danska, námstækni, heimilisfræði og umsjón
Victor Örn Victorsson	samfélagsfræði, hestamennska - val
Kolbeinn Skagfjörð Jósteinsson	íþróttir, sund

Umsjónarkennari

Umsjónarkennari hefur veigamiklu hlutverki að gegna meðal sinna umsjónarnemenda. Hann skal öðrum kennurum fremur fylgjast með námsframvindu sinna nemenda, fylgjast með skólasókn þeirra, vera í traustu sambandi við foreldra, sjá um að nemendur fái þá þjónustu sem þeim ber. Umsjónarkennari 10. bekkjar skólaárið 2010-2011 er Lára Guðrún Agnarsdóttir. Síma viðtalstími er fimmtudaga kl. 11:20 – 12:00 eða eftir samkomulagi. Sími 4513129 og 6902011. Netfang mitt er gloppa@snerpa.is Hægt er að fylgjast með námsframvindun nemenda á mentor.is.

Frá kennara: Foreldrar eru eindregið hvattir til að fylgjast með heimanámi nemenda. Nemendur þurfa að fá hvatningu og tilfinningu fyrir því að foreldrar hafi áhuga á vinnu þeirra. Einnig eru foreldrar hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara ef eitthvað er óljóst eða einhverjar spurningar eru. Eigum gott samstarf um nám barnanna!

Sérkennsla og sérfræðiþjónusta.

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Jóhanna Hreinsdóttir eru umsjónarmenn sérkennslunnar. Þær eru í sambandi við foreldra þeirra nemenda sem þær hafa umsjón með og umsjónarkennara. Sérfræðiþjónusta er frá Borgarnesi og verða þeir Áspór Ragnarsson sálfræðingur og Elmar Þórðarson sérkennsla og talmeinafræðingur á Hólmavík og koma þeir fimm sinnum yfir veturinn. Auk þess verður að sjálfsögðu hægt að nálgast þá ef þörf krefur. Ef foreldrar hafa áhuga á þessari þjónustu er þeim bent á að ræða við umsjónarmenn sérkennslu.

2. Námsmarkmið, leiðir, námsmat og námsefnisskrá

Íslenska

Yfirmarkmið

Að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar bæði í ræðu og riti, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun.

Íslenska er undirstaða allra annarra námsgreina og allir kennarar eru jafnframt móðurmálskenningar.

Námsmarkmið 10. bekkjar

Litið er í nám í íslensku sem eina heild en hér er markmiðum skipt niður í sex efnisþætti sem samsvara skiptingu í aðalnámsskrá grunnskóla. Markmið er að nemendur:

Íslenska-lestur.

- geti aflað sér heimilda á bókasafni, á netinu og á annan hátt í samfélaginu
- geti nýtt sér orðabækur og aðrar handbækur
- geti gert útdrátt úr lesnu efni
- geti tekið þátt í umræðu um lesna texta
- geti lesið á gagnrýninn hátt og myndað sér skoðun á texta
- geti lesið sér til gagns og ánægju
- geti skynjað boðskap texta og gert grein fyrir tilfinningum sínum
- geti borið saman mismunandi texta
- geti lesið og túlkað töflur, myndrit og ýmiss konar myndmál

Íslenska-talað mál og framsögn.

- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og skoðunum og rökstutt þær
- geti endursagt eða lesið upphátt og tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð
- þjálfist í framsögn og upplestri og öðlist meira sjálfstraust og verði öruggari í framkomu

Íslenska-hlustun og áhorf.

- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er á aðra.
- geti nýtt sér efni af netinu, úr útvarpi, sjónvarpi og myndbandi til úrvinnslu og þjálfist í að horfa og hlusta á slíkt efni á gagnrýninn hátt

Íslenska-ritun.

- þekki allar stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu og geti stafsett rétt almennan texta
- geti nýtt sér útskýringar í orðabókum, kennslubókum, stafsetningarorðabókum eða leiðréttingarforritum
- fái tilfinningu fyrir setningaskipan og skiptingu í málsgreinar og efnisgreinar og nái tókum á eðlilegri byggingu ritaðs máls
- geti skrifað um eigin reynslu, hugsanir og skoðanir
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli og leiðbeiningar, útdrætti og endursagnir
- geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, orðtök og málshætti
- geti unnið úr ýmsum heimildum og þjálfist í ritun í sambandi við bókmenntatexta
- geti skrifað formlegt bréf og atvinnuumsókn
- geti nýtt sér tölvu við ritun og gengið sómasamlega frá eigin texta

Íslenska-bókmenntir.

- lesi bæði forna og nýja texta og geti gert grein fyrir þeim munnlega og skriflega.
- þekki hugtökin; laust mál og bundið, hefðbundið og óhefðbundið ljóð
- geti fjallað um form og byggingu ljóða og notað til þess hugtökin rím,stuðlar, braglína, hrynjandi og endurtekning
- átti sig á hugtökunum tími, umhverfi, sjónarhorn, ris, persónusköpun og aðal- og aukapersónur
- geti fjallað um mismunandi gerðir myndmáls; bein mynd, líking, persónugerving og myndhverfing
- læri að umgangast heimildir og geti gert grein fyrir þeim í rituðum texta
- þekki og geti útskýrt mun á mismunandi bókmenntaformi; smásögu, skáldsögu, leikriti, heimildasögu, þjóðsögu, ævintýri, þulu, bréfi, dagbók, ljóði, prósaljóði og stöku

Íslenska-málfræði.

- þekki og geti útskýrt mun málshátta og orðtaka, geti útskýrt frummerkingu þeirra og afleidda merkingu og fái að fást við ýmis verkefni tengd málsháttum og orðtökum, myndagátur, krossgátur og þrautir
- þekki hvernig orðum er skipt eftir merkingarlegum og formlegum einkennum í orðflokka og þekki helstu beygingaratriði hvers orðflokks
- átti sig á því hvað er reglulegt og hvað er óreglulegt í beygingu fallorða og sagnorða
- átti sig á hver munurinn er á fallháttum og persónuháttum sagnorða.
- skilji útskýringar í orðabókum og viti hvaða mynd orðs er uppflertimynd þess
- þekki hugtökin aðal- og aukasetning, málsgrein, og efnisgrein og geti nýtt sér þau við frágang texta
- þekki algengar hljóðbreytingar málsins og geti nýtt sér þá þekkingu í tengslum við stafsetningu og orðmyndun
- kannist við skiptingu orðaforðans í erfðaorð, nýyrði, tökuorð, slettur og slangur
- þekki helstu hugtök í sambandi við orðmyndun og orðhluta svo sem stofn, forskeyti, viðskeyti, beygingarending og samsett orð og geti nýtt sér þau í sambandi við stafsetningu og í umræðu um texta
- þekki mun einhljóða og tvíhljóða og geti notfært sér þá þekkingu í umfjöllun um málfar og mállýskur
- kynnist merkingartengslum orða svo sem yfirhugtak, undirhugtak, samheiti og andheiti
- þekki hugtök eins og hlutstæður, óhlutstæður, gildishlaðinn og hlutlaus, sértækur og víðtækur
- átti sig á því að gerðar eru mismunandi kröfur til máls eftir aðstæðum og málsniði hverju sinni
- öðlist trú á eigin málkunnáttu og málhæfni

Leiðir:

Umræður, verkefni, vinna í vinnubók og ýmsar æfingar sem nemendur skila bæði munnlega og skriflega, verkefni á námsvefjum. Allt bókmenntaefni er lesið í kennslustundum, útskýrt og rætt. Heimanám er eitthvað öðru hvoru en ekki eftir hverja kennslustund.

Námsmat í íslensku:

Starfseinkunn: Símat, ástundun og vinnusemi.

Prófseinkunn: Próf. Gefin einkunn eftir hverja önn. Sjá nánar kafla 7 í Handbók um skólastarf.

Grunnnámsefni í íslensku:

Íslenska 10, Íslenska 10x10 verkefni í móðurmáli, Mályrkja 3, Málfinnur, Skriffinnur, Grettis saga, Finnur 3, vinnubók með Mályrkju 3.

Aukaefni sem er notað að hluta til:

Íslenska, kennslubók í málvísi og ljóðlist, Ljóðspeglar, Íslensk málfræði, Handbók um málfræði, Námsefni af vef, Kennslubók í stafsetningu og ljósrit úr ýmsum áttum.

Tjáning, lífsleikni, tónmennt og upplýsingafræði

Yfirmarkmið

Að efla alhliða þroska nemandans og tjáningu hans. Nemendur gera sér far um að rækta með sér andleg verðmæti og sálrænan styrk auk þess að efla félagsþroska sinn og borgaravitund, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Efling borgaravitundar vísar til þess að efla færni ungs fólks og fullorðinna til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Auk þess er leitast við að styrkja áræði nemenda, frumkvæði, eðlislæga sköpunargáfu og aðlögunarhæfni til að takast á við kröfur og áskoranir í daglegu lífi. Nemendur öðlist þekkingu og færni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt.

Tímalfjöldi: Fjórar kennslustundir í viku

Námsmarkmið: Að nemendur...

- öðlist aukna færni í tjáskiptum
- styrkist í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum
- sýni frumkvæði í að rækta sköpunargáfu sína í margbreytilegum verkefnum
- þjálfist í að vinna saman
- verði færari um að flytja mál sitt fyrir aðra
- þjálfist í umræðum, upplestri og leikrænni túlkun
- venjist því að standa upp og tjá sig í hópi fólks
- geti tileinkað sér helstu aðferðir og leiðir í upplýsingalæsi
- geti nýtt sér upplýsingatækni til stuðnings við önnur ólík verkefni
- átti sig á tengslum upplýsinga og menningar.
- verði færir um að afla upplýsinga á sjálfstæðan hátt
- geti rökstutt eigin skoðun á mismunandi tónlistarstíl og stefnum

Leiðir: Öllum fjórum námsgreinunum, lífsleikni, tjáningu, tónmennt og upplýsingatækni verða gerð skil í einu heildstæðu verkefni sem unnið verður af nemendum yfir allt skólaárið, en það fjallar um nærsamfélagið og ýmsa efnisþætti innan þess. Nemendur skrásetja atriði eða þætti sem þeir hafa skoðun á í nærumhverfi sínu og taka þá síðan til nánari skoðunar og rannsóknar, m.a. með viðtölum við valda aðila og umræðum sín á milli auk annarrar tjáningar sem nemendur vilja nota til að koma skoðunum sínum og rannsóknarniðurstöðum á framfæri. Samhliða þessu verður áhrifatónlist í kvikmyndum

skoðuð og nemendur kynna sér hljóðvinnslu og kennd verða undirstöðuatriði í kvikmyndun. Hópefli, umræður, ýmsar æfingar í að koma fram, setja sig í spor annarra, fjalla um margvísleg málefni, spinna leikverk, kynna sér ólíkar tónlistarstefnur, **Námsmat:** Símat, gefið fyrir þátttöku í kennslustundum, ástundun, áhuga og vinnusemi. **Námsefni:** Frá kennara og efni úr niðurstöðum rannsóknarvinnu nemenda, af bókasafni, netinu og úr ýmsum áttum.

Stærðfræði

Yfirmarkmið

Að nemendur þjálfist í notkun stærðfræðinnar í daglegu lífi. Auk þess verði nemendur með góða grunnþekkingu á helstu sviðum stærðfræðinnar og hæfir til að takast á við frekara nám í stærðfræði í framhaldsskólum.

Námsmarkmið 10. bekkjar

Stærðfræðin er brotin niður í tíu efnisþætti (skv. skiptingu í aðalnámskrá) og eru námsmarkmiðin flokkuð skv. því. Markmið er að nemendur...

Stærðfræði og tungumál

- lesi, skrifi og skilji ýmsar tölur t.d. mælitölur, prósentur, hækkun, lækkun o.s.frv.

Lausnir verkefna og þrauta

- geti unnið og rakið sig til baka í lausnaleit
- glími við verkefni þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar

Röksamhengi og röksemdafærslur

- kynnist einföldum sönnunum
- þjálfist í að finna rökvillur
- öðlist góðan skilning á hugtökum og aðferðum

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- skilji stærðfræðileg hugtök í samhengi við hversdagslega hluti
- beiti stærðfræði í verkefnum sem snerta t.d. fjármál o.fl. úr daglegu lífi

Tölur

- dragi ferningsrætur
- einfaldi brot og þekki tengsl þeirra t.d. tengsl tugabrota og almennra brota
- þekki samdeili, samfeldi o.fl.
- þekki ræðar og óræðar tölur

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- öðlist tilfinningu fyrir tölum og stærðum og geti lagt mat á útkomu
- reikni á staðalformi og með tugveldum
- vinni með 0 og 1 sem hlutleysur
- vinni með andhverfur t.d. margföldunarandhverfu
- reikni samsett dæmi og noti reglur um forgangs röðun
- öðlist leikni í notkun reiknivélar og geti jafnframt reiknað í huganum
- noti töflureikni

Hlutföll og prósentur

- fáist við hlutföll í samanburði á stærðum og vinni með hlutföll og mælikvarða
- nái góðum tókum á prósentum m.a. í tengslum við daglegt líf
- skoði launaseðla og þekki útreikninga sem þeim tengjast
- þekki vaxtaútreikninga o.fl. því tengdu

Mynstur og algebra

- setji fram reglur um samband milli stæða t.d. í töflum og gröfum
- nái valdi á lausn fyrsta stigs jafna, einnig tveimur jöfnum saman og leysi annars stigs jöfnur með þáttun
- kynnist og þekki notkun bókstafa t.d. í eðlisfræðilögmálum
- margfaldi úr svigum og þátti fyrsta og annars stigs margliður

Rúmfræði

- reikni rúmmál t.d. kúlu o.fl. og þekki helstu rúmmálsreglur
- þekki einslögun og tengsl við flatarmál
- þekki metrakerfið þ.e. lengdar-, flatarmáls- og rúmmáls mælikvarða
- lesi jöfnu línu og setji í hnitakerfi og geti lesið hallatölu og skurðpunkta
- þekki feril annars stigs falls þ.e. fleygboga
- þekki reglur um hornasummu og hornastærðir reglulegra marghyrninga
- þekki sönnun Pýþagorasarreglunnar

Tölfræði og líkindafræði

- þekki hugtökin úrtak, tíðni, hlutfallsleg tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, miðgildi o.fl.
- geti ályktað út frá tölfræðilegum upplýsingum og metið ályktanir
- reikni líkur

Leiðir: Nemendur nota ákv. grunnefni og ítarefni eftir þörfum. Einnig verður unnið með dagleg viðfangsefni t.d. úr dagblöðum o.fl. nærtæku efni.

Nemendur þurfa að eiga reiknivél, gráðuboga, hringfara, reglustiku o.fl. Skyndipróf verða að jafnaði einu sinni í mánuði.

Námsmat: Gefnar eru bæði prófseinkunn og starfseinkunn. Starfseinkunn byggir á vinnu vetrarins og einkunnum úr skyndiprófum.

Námsefni: Grunnefni: Almenn stærðfræði III, Átta - tíu bækurnar. Aukaefni: Baugabrot og Hring sjá, Algebra, leiknihefti og fleira.

Ítarefni: www.skolavefurinn.is og www.rasmus.is.

Samfélagsfræði (Mannkynssaga, (sam)félagsfræði, trúfræði og kristin fræði)

Yfirmarkmið: Samfélagsgreinarnar fjalla um stöðu, hlutverk og möguleika mannsins í samfélagi og náttúru, í tíma og rúmi, um einingar samfélags og umhverfis frá hinu minnsta til hins stærsta. Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig og beita sér í mannlegu félagi og að temja honum gildi sem þar ríkir samkomulag um.

Markmið: Á lokaári grunnskóla er staldrað við og hugað að stöðu nemandans sem lýkur skyldunámi sínu. Fram undan er ákvörðun um frekara nám eða störf, síðan fjárræði, sjálfræði, kosningaréttur og fullorðinsár. Nú skal litið til stöðu nemandans og hann spyr spurninga eins og: Hver er ég? Hver eru réttindi mín og skyldur? Hverjir ráða í samfélaginu? Þessarar spurninga er fyrst og fremst spurt út frá forsendum nemandans sjálfs. Nemendur eiga sjálfir að spyrja spurninga og leita svara við þeim undir leiðsögn kennara. Lögð er áhersla á að nemandi:

- hugleiði hver hann er í augum sjálfs sín og annarra

- hugleiði hvernig sjálfsmynd hans verður til t.d. hvort fjórðungi bregður til föður/móður, fósturs, hvort fjölskyldan skipti minna máli á þessum aldri
- rökræði hvort sjálfsmynd (eða hlutverk) breytist eftir því hvar maður er staddur t.d. í systkinahóp, í bekknum, með hinu kyninu
- velti fyrir sér kostum og göllum þess „að vera eins og hinir“
- geti gert upp við sig hvað skiptir mestu máli í lífinu
- kanni hvað honum leyfist og leyfist ekki samkvæmt lögum og reglum, athugi hvernig reglum er framfylgt og ræði réttmæti þeirra, t.d. um útivist, fjárráð, kynlíf, vinnu
- ímyndi sér hóp eða samfélag þar sem engar gefnar reglur gilda og hvernig slíkt samfélag myndi þróast
- kynnist og hugleiði stjórnkerfi samfélagsins með því að athuga hverjir hafa mest að segja um ákveðin valin málefni
- læri að tengja umfjöllunina við hugtök á borð við þrískiptingu ríkisvalds, stjórnarskrá, mannréttindi, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök, kosningar, Alþingi o.s.frv.
- hugleiði og skilgreini hvaða kosti og galla það hefur í för með sér að búa á Íslandi
- greini hvaða þjóðum Íslendingar eiga mest sameiginlegt með og helst samleið með
- fjalli um valin málefni sem rædd er um í fjölmiðlum
- geti rætt um brýn málefni af tilfinningu og rökfestu

Trúarbragðafraeði: Lögð er áhersla á að nemandi:

- geri sér grein fyrir eðli og fjölbreytileika trúarbragða og trúariðkunar og áhrifum þeirra á siði og menningu
- þekki helstu hugtök og fyrirbæri svo sem andahyggju, galdur, dulmegin, guðsmynd, bæn, hugleiðslu, fórnir og hvað í þeim felst
- geti greint helstu trúarleg embætti og hvaða hlutverki þau gegna svo sem embætti presta, spámanna, töframanna og höfðingja
- geti sagt deili á megineinkennum og inntaki og helgisiðum helstu trúarbragða heims, svo sem kristni, gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms og útbreiðslu þeirra
- geti borið saman meginatriði ólíkra trúarbragða

Leiðir: Nemendur lesa ákveðinn texta í kennslubókum heima, en í kennslustundum verður rætt um efnið og unnin verkefni í framhaldi af því. Nemendur rannsaka viðfangsefnin undir leiðsögn kennara og setja fram ályktanir. Nemendur munu þurfa að vinna rannsóknarvinnu heima öðru hverju og einnig við úrvinnslu upplýsinga. Minni verkefni verða unnin á haustönn og ritgerð verður skrifuð á vorönn.

Námsmat: Kaflapróf 80 % og 20% ástundun og verkefnaskil.

Grunnefni: *Þjóðfélagsfræði, Búddatrú-Leiðin til Nirvana, Hindúatrú –Guð í mörgum myndum, Islam- Að líta vilja Guðs og og annað efni frá kennara.*

Náttúrufræði

Yfirmarkmið:

Náttúrufræðikennslu í grunnskóla er ætlað að auka skilning nemenda á umhverfi sínu og stuðla að því að þeir umgangist það af ábyrgð og virðingu í anda sjálfbærarrar þróunar. Rækta ber hæfileika nemenda til að njóta margbreytileika náttúrunnar og skilning á brýnni þörf á umhverfisvernd.

Nemendur verði undirbúnir til að takast á við frekara nám í náttúrfræðigreinum bæði á náttúrfræðibrautum sem og öðrum brautum framhaldsskóla.

Markmið:

Í líffræði er stefnt m.a. að því að nemendur:

- geti rakið sögu flokkunarkerfa
- geti rakið sögu erfðafræðinnar og þekkir þær uppgötvanir sem hafa verið gerðar þar á síðustu öld.
- geti gert grein fyrir erfðafræði mannsins og þeim nýjungum sem hafa verið að ryðja sér til rúms síðustu árin.
- geti gert grein fyrir því hvernig lífverur þróast.
- geti lýst því hvernig lífverur velja sér íverustað og hvað það er sem skiptir máli við valið.
- geti gert grein fyrir þróun jarðar.
- kynnist leitinni að forfeðrum mannsins.
- geti sagt frá því hvenær fyrstu mannverurnar litu dagsins ljós.
- kryfji spendýr og skoði helstu líffæri

Í eðlis-og efnafræði er stefnt að því að nemendur:

- geti skilgreint og borið saman helstu einkenni hreyfiorku, stöðuorku, efnaorku, rafsegulorku, varmaorku og kjarnorku
- geti skýrt helstu hugtök tengd rafmagni og seglum, s.s. rafspennu, rafhleðslu, raf og segulsvið, raforku og rafafli
- geri sér grein fyrir að hljóð myndast við öra hreyfingu og geti lýst einkennum bylgjuhreyfinga
- þekki helstu einkenni ljóss, s.s. speglun, ljósbrot og litróf.
- þekki lotukerfi og geti unnið með það.
- þekki efnasamsetningu andrúmslofts og helstu mengunarvalda þess
- séu færir um að vinna sjálfstætt í tilraunavinnu og þekki nauðsyn vísindalegra vinnubragða.

Leiðir:

Fyrirlestrar, umræður, verkefni og verklegar æfingar. Að jafnaði er gert er ráð fyrir heimalestri fyrir hverja kennslustund, auk verkefnavinnu.

Námsmat: Próf 70%, kannanir og vinnusemi 20%, fyrirlestur unnin af nemendum 10%.

Grunnefni: Orka og Erfðir og þróun.

Ítarefni: Maðurinn og ýmsir kennsluvefir.

Heimilisfræði.

Yfirmarkmið: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og verndun umhverfis. Stefnt er að því að auðvelda nemendum að takast á við daglegt líf og gera þá meðvitaða neytendur.

Námsmarkmið: Markmið fyrir heimilisfræði í 8.-10. bekk eru sameiginleg.

Gert er ráð fyrir að nemandi:

- þekki helstu næringarefni fæðunnar
- geti matreitt fjölbreyttan, girnilegan og góðan hversdagsmat
- geti beitt fjölbreyttum matreiðsluaferðum og hafa tileinkað sér góða vinnutækni

- geti farið eftir viðurkenndum kröfum um hreinlæti
- kunnir að meðhöndla og geyma matvæli
- geti notað matreiðslubækur og alhliða upplýsingar
- geti matreitt flest allt venjulegt hráefni
- geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra
- geti hagnýtt sér umbúðamerkingar
- geti lagt mat á upplýsingar og auglýsingar um matvæli
- hafi skilning á mikilvægi hreinlætis fyrir vellíðan hvers einstaklings og fyrir umhverfi hans
- geti þvegið upp í höndum og í uppþvottavél og haldið hreinum tækjum og áhöldum í umhverfi sínu

Leiðir: Nemandi vinnur að viðfangsefnum í hverjum tíma sem þjálfa þau námsmarkmið sem stefnt er að.

Námsmat: Í heimilisfræði fer fram símat og er frammistaða nemanda metin hverju sinni.

Námsefni: Ljósrit frá kennara og efni úr ýmsum áttum.

Íþróttir og sund

Yfirmarkmið

Reynt verður að bjóða nemendum upp á sem fjölbreyttasta þjálfun, miðað við þá aðstöðu sem fyrirfinnst, sem nær til alhliða líkams- og heilsuræktar, almenningsíþróttar og íþróttagreina. Við kennslu íþróttagreina skal áfram leggja áherslu á leikræna nálgun undirstöðuatriða.

Yfirmarkmið í sundkennslu

Í 8.-10. bekk er áhersla á þátt upplifunar í allri sundkennslu. Slík nálgun hefur það að markmiði að koma í veg fyrir brottfall og slaka ástundun sem oft einkennir þetta tímabil. Á unglingsstigi skal einnig auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekþátta í tengslum við sundiðkun er höfð að leiðarljósi.

Markmið:

Í skólaíþróttum er stefnt að því að nemendur þjálfist í samsettum hreyfingum og flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu. Nemendur taka þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla færni í íþróttagreinum. Þeir þjálfast í æfingum og leikjum sem efla líkamspól, hraða, kraft, viðbragð, hjarta- og blóðrásarkerfið. Í sundi viðhalda nemendur sundfærni sinni með tilliti til breyttrar líkamsbyggingar. Þeir þjálfast enn frekar í fjölbreyttum samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu.

Leiðir:

Til að ná þessum markmiðum verður farið í leiki og gerðar æfingar. M.a. verður farið í boltagreinar (fótbolta, körfubolta, blak), fimleika, bandý, hringþjálfun, frásar og leiki eins og eltingaleiki, boðhlaup, einfalda ratleiki o.fl. Í sundi eru gerðar ýmsar æfingar til að ná þeim markmiðum sem ætlast er til að nemendur í 10. bekk ljúki.

Námsmat:

Í formi einkunnar í lok vetrar, þ.e. fer eftir ástundun, hegðun og frammistöðu í tímum. Í lok sundnámskeiðs er ætlast til þess að nemendur í 10. bekk geti: a) Bringusund í 20 mín (viðstöðulaust). Lágmarksvegalengd 600 m. b) 50 m bringusund (stílsund). c) Björgun af botni laugar og 25 m björgunarsund. d) 12 m kafsund (stílsund). e) Tímataka, val nemenda, 3 atriði af 4: 100 m bringusund, 50 m skriðsund, 50 m baksund, 25 m flugsund. f) Þrjú leysitök. g) Ein lífgunaraðferð.

Enska

Kennari: Hildur Guðjónsdóttir

Tímafjöldi: fjórar kennskustundir á viku.

Námsmarkmið 10. bekkjar í ensku er skipt í sex þætti: hlustun, lestur, talað mál - samskipti, talað mál – framsögn, ritun og málfræði. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist góða almenna færni í ensku og geti nýtt tungumálið heima og erlendis sem og til frekara náms. Mikilvægt er að nemendur skilji talað mál af helstu málsvæðum enskrar tungu um efni sem þeir þekkja.

Markmið:

að nemendur:

- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir
- þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum upplýsingum í töluðu máli, bæði til að ná aðalatriðum og nákvæmari upplýsingum
- skilji meginþráð í fréttæfni og skilji þegar nokkrir tala saman
- geti unnið markvisst með orðaforða
- geti lesið megininntak úr völdu blaðæfni og átti sig á hvenær nauðsynlegt er að skilja lesefni til hlítar s.s. leiðbeiningar, fyrirmæli o.s.frv.
- geti lesið bókmenntæfni við hæfi sér til ánægju og yndisauka
- þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við texta
- geti dregið ályktanir, lesið á milli lína, giskað á orð út frá samhengi og áttað sig á uppbyggingu texta
- læri að glósa texta og kunni að nota orðabækur
- þjálfist í að skrifa stuttan samfelldan texta og geti skrifað frá eigin brjósti með aðstoð orðabóka
- geti lesið léttar smásögur og stuttar skáldsögur, tímarit og annað létt efni sér til fróðleiks og ánægju
- geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar og geti á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefnum
- öðlist færni í að tjá sig á ensku, geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum sínum og völdum atriðum úr umhverfinu
- geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hefur lesið um, heyrt eða horft á
- læri að beita réttum framburði, áherslum og hrynjanda
- kunni að beita nútíð algengra sagna, almennum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini.
- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfelldan texta eftir fyrirmyndum t.d. dagbókarbrot, frásagnir, texta við myndir o.s.frv.

- þjálfist í að vinna með orðaforða í ritunarverkefnum og noti orðabækur í tengslum við ritun

- þjálfist í réttri stafsetningu

Námsefni: Matrix pre-intermediante lesbók og vinnubók. Matrix intermediente lesbók og vinnubók. Move on og verkefni. Ensk málfræði C bók. Óreglulegar sagnir. Krossgátur og annað ítarefni af Skólavef. Líttlestrarbækur á ensku. Ásamt völdu efni frá kennara.

Kennslutilhögun: Bókin Matrix er lögð til grundvallar og nemendur vinna markvisst með hana allan veturinn. Farið er yfir hvern kafla í grunnbókinni fyrir sig og verkefni í vinnubókinni unnin samhliða. Nemendur læra að lesa, glósa og þýða texta bæði heima og í skóla. Nemendur læra að skrifa einföld orð og setningar og þýða þau með aðstoð orðabókar. Nemendur læra að hlusta á texta ásamt því að skrifa algeng orð og einfaldar setningar. Nemendur munu læra óreglulegar sagnir og þreyta tilehyrandi sagnapróf. Nemendur lesa smásögur og vinna verkefni með þeim. Unnið verður með blaðagreinar og dægurlagatexta.

Námsmat: Verkefni annarinnar verða metin. Nemendur fara í samræmt könnunarpróf í ensku í september, taka próf/stöðumat í lok hverrar annar sem gilda 60% á mótí verkefnum og vinnu heima og í tímum sem gildir 40%.

Danska

Yfirmarkmið

Danska er kennd í grunnskólum Íslands vegna samskipta og menningartengsla norrænna þjóða, þannig stuðlum við að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Einnig er ætlast til að nemandinn verði fær um að nota málið sem tjáskiptatæki munnlega og skriflega svo og að nemandinn skilji talað danskt mál sem hæfir aldri hans, þroska og áhugsviði. Að nem. geti lesið á dönsku sér til gagns og ánægju. Ekki hvað síst er markmið námsins að nem. öðlist nýja sýn á danska siði menningu og þjóðfélag og skilji að þekking og færni í dönsku geti verið þeim bæði til gagns og gleði.

Markmið 10. bekk.

Að nem. geti tjáð skoðanir, hugsanir og óskir á töluðu og rituðu máli þannig að framburður og stafsetning valdi ekki misskilningi, einnig að nemandinn geti skilið aðalatriði í töluðu og rituðu máli þegar fjallað er um málefni tengt námsefni, áhugasviði og hinu daglega lífi hvers og eins.

Hlustun:

- að nemandinn geti skilið venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í daglegu lífi
- að nemandinn geti skilið aðalatriði í töluðu máli sem tengist daglegu lífi hans og viðfangsefnum úr námsefninu
- að nemandinn skilji smáatriði í samtölum tveggja manna, tilkynningum og frásögnum með orðaforða efnisflokka sem unnið er með.

Lestur:

- að nemandinn geti skilið megininntak texta með því að lesa hann hratt yfir
- að nemandinn geti beitt nákvæmnislestri í stuttum textum um efni tengt námsefninu, þar sem nauðsynlegt er að skilja hvert orð
- að nemandinn hafi lesið a.m.k. tvær hraðlestrarbækur sem hæfa getu hans
- að nemandinn geti áttað sig á megininntaki texta sem tengist efni sem unnið er með.

Talað mál:

- að nemandinn hafi nokkuð réttan framburð
- að nemandinn geti látið í ljós þakklæti og ánægju/óánægju á dönsku
- að nemandinn nem. geti rætt um ákveðið efni, sem fjallað hefur verið um á dönsku
- að nemandinn geti notað grunnorðaforða úr efnisflokkum, sem unnið hefur verið með á eigin forsendum í nýju samhengi
- að nemandinn geti haldið ræðu í 2 – 3 mín. um undirbúið efni út frá lykilorðum.

Ritun:

- að nemandinn geti skrifað persónuleg sendibréf, skilaboð og tilkynningar
- að nemandinn geti tjáð skoðanir sínar og hugsanir á skiljanlegu rituðu máli
- að nemandinn geti skrifað samfelldan texta um efni sem tengist daglegu lífi, u.þ.b. 150 – 200 orð með nokkuð réttri stafsetningu
- að nemandinn hafi lært að skrifa texta með góðu samhengi.

Málfræði:

Upprifjun. Nemendur þekki og geti beitt eftirfarandi atriðum í töluðu og rituðu máli, eignarfornöfn, stigbreytt lýsingarorð, beygingu algengra sagna, forsetningar í algengum orðasamböndum.

Leiðir:

Unnið verður með lestur, hlustun, ritun og tjáningu út frá námsefninu og tengist daglegu lífi nemenda. Einnig verður unnið með með bíómyndir samhliða. Nemendur koma til með að fá þó nokkra þjálfun í hlustun til að auka skilning á talmáli. Auk þess fá nemendur auka lesefni í formi greina út tímaritum eða smásögur sem höfða til áhugamála þeirra og eða getu til að auka lesskilning. Unnið verður þó nokkuð með málnotkunn, og verkefni henni tengd. Oftast er um heimanám að ræða. Stuttar kannanir af og til.

Grunnefni:

Ekko lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Aukaefni: Danskar málnotkunnaræfingar og málfræði. Kort og gott smásögur. Auk þess valdar greinar úr tímaritum og efni frá kennara. Unnið með ævintýri og danskar kvikmyndir.

Námsmat:

Munnleg og skrifleg próf í lok hverrar annar. Kannanir verða af og til, ástundun, skil á verkefnum og heimavinnu eru metin til einkunnar.

Námstækni

Í vetur verður boðið upp á kennslu í námstækni, þar sem markmiðið er að nemendur skoði lífsvenjur sínar og vinnubrögð með tilliti til náms og til að auka og bæta vinnubrögð og afköst. Nemendum verður kennt að skipuleggja nám sitt betur og læra glósutækni. Nemandi fær aðstoð til að finna sína leið til árangurs.

Námsefni: Vefefni og ýmis verkefni frá kennara.

Valgreinar 8.9.og 10. bekkjar

Yfirmarkmið valgreina

Markmið með valgreinum er að nemendur fái tækifæri til að velja námsgreinar í samræmi við áhuga sinn, námsgetu eða áætlanir varðandi framhaldsnám.

1. Hestamennska

Yfirmarkmið

Nemendur fræðast um íslenska hestinn og fá að umgangast hann.

Námsmarkmið

Eftirfarandi verður kynnt fyrir nemendum:

- Skyldur hestamannsins gagnvart hestinum.
- Hestahald
- Kostnaður við að halda hest.
- Atferli hestsins.
- Reiðygi.
- Helstu sjúkdómar.
- Aðbúnaður hestsins.
- Reiðmaðurinn.
- Tamning og þjálfun.
- Útreiðatúrar.
- Keppnir
- Ræktun íslenska hestins.
- Að bregðast við óhöppum.

Leiðir: Flestar kennslustundir fara fram september, október,apríl og maí í reiðskemmuni á Víðidalssá. Nemendur fá að umgangast hestinn og fara á hestbak. Í haust og vor verður farið í útreiðatúra. Nokkrir bóklegir tímar verða í Grunnskólanum á Hólmavík fyrir áramót.

Námsmat: Starfseinkunn: Ástundun vinnusemi metin.

2. Þýska

Yfirmarkmið

Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar. Markmiðin eru fengin úr áfangamarkmiðum Þýsku 103 úr Aðalnámskrá framhaldsskóla.

Markmiðið er að nemandi...

Hlustun

- geti skilið einföld fyrirmæli kennarans á þýsku í kennslustofunni

- geti skilið talað mál með einföldum orðaforða þegar talað er við hann hægt og skýrt um efni sem varðar daglegt líf hans og tekið hefur verið fyrir í áfanganum.

Lestur

- geti lesið og skilið stutta texta með einföldum orðaforða

Tal

- hafi náð nokkru öryggi í réttum framburði
- hafi tileinkað sér algengustu kveðjur og kurteisisvenjur á þýsku sem tilheyra daglegum samskiptum
- geti brugðist við einföldum fyrirmælum kennarans á þýsku
- geti óhræddur tjáð sig munnlega með einföldum setningum um afmarkað efni sem hann þekkir vel

Ritun

- geti tjáð sig skriflega með réttri stafsetningu í einföldum aðalsetningum á sjálfstæðan hátt um afmarkað efni sem hann hefur aflað sér orðaforða um
- geti myndað og svarað spurningum
- geti beitt reglum rétt í málfræðiæfingum

Orðaforði

Grunnorðaforði sem gerir nemendum kleift að gera grein fyrir sjálfum sér og nánasta umhverfi sínu. Orðaforðinn tengist t.d. skólanum, fjölskyldu, áhugamálum, mat og drykk, veðri og eigin landi. Auk þess er kenndur orðaforði um tíma (t.d. klukkan, dagar, mánuðir, árstíðir og nokkrar helstu tímaákvörðanir), verslun (t.d. einföld samtöl í búðum og á veitingastöðum). Einföld fyrirmæli og samskipti í kennslustofu. Algengustu kveðjur og kurteisisorð. Nokkur starfsheiti og framtölur. Sérstæð lýsingarorð, spurnarorð og fornöfn (sjá Málfræðiatríði).

Textar og annað kennsluefni

Einfaldir textar af mismunandi gerð, svo sem samtöl, lýsingar á málefnum, stuttar sögur, ljóð og/eða lög. Textarnir fjalla um þau málefni sem nefnd eru undir liðnum Orðaforði og upplýsingar um þýskumælandi lönd, venjur og nokkra valda þætti menningarlífs.

Málfræðiatríði

Helstu málfræðiatríði eru: Þúun og þérun, persónubeyging sagna í nútíð. Kyn (ákveðinn greinir og óákveðinn greinir) nafnorða. Nefnifall og þolfall nafnorða, persónufornafna og spurnarfornafna, forsetningar sem stýra þolfalli og neitun.

Leiðir: Unnið er einslega, í litlum hópum eða sem einn hópur. Sem ítarefni verður notast efni sem kennari velur í samræmi við orðaforðann.

Námsmat

Framfarir nemenda eru stöðugt metnar og tekið er tillit til allra færniþátta. Námsmat í munnlegri færni getur bæði átt sér stað í venjulegum kennslutímum eða í sérstöku munnlegu prófi í lok áfangans. Námsmatið endurspeglir þjálfun færniþátta í kennslu, þ.e. nokkurn veginn jöfn áhersla er á alla þætti. Auk þess er ástundun metin þar sem stöðug þjálfun er mikilvæg til þess að námsatriði festist í langtímaminni og öryggi og tilfinning fyrir málinu í heild skapist. Nemendum hafi í upphafi áfangans verið gerð grein fyrir þeim atriðum sem matið byggist á.

Námsefni: Þýska fyrir þig – lesbók með orðasafni og ljósrit úr verkefnabók sem fylgir. Auf deutsch, bitte! 1 og ljósrit úr verkefnahefti sem fylgir og ljósritað efni frá kennara.

Listir – Valfag

Unnið með ólík efni og aðferðir eftir áhuga nemendahópsins.

Trésmíði verður fyrstu mánuðina, þar sem nemendur hanna hirslu eða minna húsgagn sem þeir smíða eftir eigin teikningu. Nemendur læri að skipuleggja vinnu sína og áætla og bera ábyrgð á framvindu verkefna og temji sér öguð vinnubrögð. Næstu verkefni verða einnig valin af nemendahópnum.